

Yfirskrift:	Stjórnarfundur Félags forstöðumanna ríkisstofnana		
Stjórnarfundur	Dagsetning:	5. október 2021	Tími: 12:00 – 13:10
Fundarstaður:	TEAMS		
Fundarstjóri:	KS		
Ritari:	SJ		
Á fundinn mættu:	Ásdís Ármannsdóttir (ÁÁ), Eydís Líndal Finnbogadóttir (ELF), Gylfi Ólafsson (GÓ), Kristján Sverrisson (KS), Steinn Jóhannsson (SJ) og Dagrún Hálfánardóttir framkvæmdastjóri félagsins.		
Fjarverandi:	Bergþóra Þorkelsdóttir (BÞ) og Harpa Þórsdóttir (HÞ)		

Fundargerð stjórnarfundar FFR 5. október 2021

1. Fundargerð 7. september 2021

Fundargerð stjórnarfundar 7. september samþykkt.

2. Áherslumál FFR veturinn 2021-2022, samantekt formanns í ljósi umræðu síðasta fundar.

Farið yfir samantekt KS um það sem stjórn vill leggja áherslu á í starfsemi FFR næsta starfsárið sbr. umfjöllun á síðasta stjórnarfundum. Ákveðið að birta á vef félagsins.

3. Haustferð 8. október 2021

Dagskrá, þátttaka og skipulag rætt. Á fimmtudaginn mun DH senda lokapóst til félagsmanna um að enn séu laus pláss og hægt að skella sér með. DH staðfestir fjöldann við rútufyrirtækið og veitingastaðinn.

4. Starfsreglur stjórnar

Farið yfir fyrirleggjandi drög að starfsreglum stjórnar. Ákveðið að óska eftir yfirllestri tiltekinna einstaklinga. Stefnt að formlegu samþykki á næsta stjórnarfundum.

5. Fræðslufundir FFR

Ákveðið að stefna að einum fræðslufundi að hausti og einum að vori. Félagið á reyndar heimboð til Umhverfisstofnunar á næstunni. Sú heimsókn kemur í stað fræðslufundar í haust. Tekið vel í hugmynd um að hitta félagsmenn í desember, jafnvel lok nóvember og fá kannski rithöfund til að koma og lesa úr nýrri bók, t.d. frá kl. 16-18. Ákveðið á næsta stjórnarfundum.

6. Fjarvinnureglur

Umræður m.a. um hvort að félagsmenn hefðu áhuga á að halda félagsfund um fjarvinnureglur/fjarvinnustefnu. Skoðað síðar. Áveðið að kynna jafnframt skýrslu um störf án staðsetningar á heimasíðu félagsins.

7. Reglur um viðbótarlaun

Frestað til næsta fundar.

8. Önnur mál:

a) Úrskurður umboðsmanns Alþingis um og viðbrögð ráðuneytis sbr. umfjöllun á fyrri fundum. Rætt við KMR á fundi síðar í dag.